

Mál nr. 490/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðar

Bótakrafa úr kaskótryggingu bifreiðar vegna grjóthruns þ. 11.3.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.11.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 16.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M segist hafa ekið bifreið sinni eftir Þjóvegi 1 um Þvottáarskriður í Djúpavogshreppi þegar grjóthrun hafi orðið í skriðunum með þeim afleiðingum að grjót skall á hægri hlið bifreiðar M og orsakaði lakkskemmdir á henni. M krefst bóta úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur fullyrðingu M um tjón á bifreiðinni vegna grjóthruns vera ranga. V heldur því fram að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni vegna áfoks lausra jarefna og vísar til vottorðs Veðurstofu Íslands sem liggur fyrir í málinu um vindátt og vindstyrk máli sínu til stuðnings. Þá bendir V á að myndir af bifreiðinni sýni að bifreiðin hefði ekki getað orðið fyrir grjóthruni með þeim hætti sem M lýsir. V segir að myndir af bifreiðinni sýni að skemmdir á bifreiðinni séu eftir fínan jarðveg og vísar til mats sérfræðinga sinna á því að útilokað sé að um grjóthrun hafi verið að ræða. V segir því ekki um bótaskyldu að ræða og vísar til greinar 4.5. í vátryggingaskilmálum fyrir kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Álit.

Að öllum gögnum málsins virtum verður ekki séð að M hafi sýnt fram á að bifreið hennar hafi orðið fyrir grjóthruni í umrætt sinn. Ljósmyndir af ákomum á bifreiðinni benda eindregið til að um áfok lausra jarðefna hafi verið um að ræða sem hafi valdið skemmdum á bifreiðinni. Með vísan til greinar 4.5. í vátryggingaskilmálum fyrir kaskótryggingu bifreiðar M á hún því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar hjá V.

Reykjavík 26.1. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.